

Stofnanasamningur

Milli Áss styrktarfélags og Þroskaþjálfafélags Íslands hins vegar um forsendur röðunar starfa.

Samningur þessi byggir á kjarasamningi Reykjavíkurborgar annars vegar og Þroskaþjálfafélags Íslands hins vegar, dags. 31. maí 2011.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna Áss styrktarfélags sem njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Þroskaþjálfafélags Íslands annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar, dags. 31. maí 2011.

2. Markmið stofnanasamnings

Samningurinn byggir á eðli starfsemi, skipulagi og öðru því sem Ás styrktarfélag stendur fyrir. Honum er ætlað að tryggja þróun og stuðla að skilvirku launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum Áss styrktarfélags og starfsmanna þeirra. Samningnum stuðlar að bættu rekstrarskipulagi Áss styrktarfélags, nýtingu rekstrarfjármagns, skapa grundvöll til aukinnar hagræðingar og skilvirks launakerfis ásamt því að hafa sambærileg kjör og þroskaþjálfar hjá Reykjavíkurborg. Þannig gefst starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og auka möguleika á bættum kjörum. Samningurinn skal styðja við starfsmannastefnu Áss styrktarfélags og taka tillit til jafnréttis- og fjölskyldusjónarmiða.

Samningsaðilar stefna að eftirfarandi markmiðum:

- Að þróa og útfæra skilvirkt launakerfi sem tekur mið af þörfum, verkefnum og markmiðum Áss styrktarfélags, hvetji til árangurs og að starfsmenn getið aukið við hæfni sína og þróast í starfi.
- Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem Ás styrktarfélag er ætlað að sinna.
- Að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum Áss styrktarfélags og verði starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu og aukinna afkasta.
- Að launakerfið stuðli að jafnrétti kynja. Konur og karlar njóti sömu kjara fyrir sambærileg störf.
- Að leitast verði við að umbuna starfsmönnum sérstaklega t.d. með því að tengja tilteknar launagreiðslur árangri í starfi.

3. Röðun starfa í launaflokka

Við röðun starfa í launaflokka skal taka mið af kjarasamningi ÞÍ við Reykjavíkurborg, meta verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Starfslýsingar skulu liggja til grundvallar við röðun.

3.1. Launaröðun:

- 158 þroskaþjálfari
- 160 yfirþroskaþjálfari 1 (verkstjórn á stofum í dagþjónustu)
- 163 yfirþroskaþjálfari 2 (búsetuþjónusta, í Selinu og Setrinu)
- 165 yfirþroskaþjálfari 3 (staðgengill forstöðumanns í dagþjónustu)
- 179 forstöðumaður
- 182 ráðgjafi/verkefnastjóri
- 188 sviðstjóri

1. Persónu- og tímabundnir þættir

Grunnröðun starfs í launaflokk er lágmarksröðun. Önnur röðun er líkt og í kjarasamningi ÞÍ við Reykjavíkurborg.

1.1 Launabrep:

Launabrep ákvarðast samkvæmt lífaldri sem hér segir:

1. þrep yngri en 20 ára
2. þrep frá 20 ára aldri
3. þrep frá 25 ára aldri
4. þrep frá 30 ára aldri
5. þrep frá 35 ára aldri

Aldur reiknast frá upphafi næsta mánaðar eftir afmælisdag.

1.2 Launaflokkar / starfsreynsla

Eftir 1 ár í starfi hjá Ási styrktarfélagi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 3 ár í starfi hjá Ási styrktarfélagi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 5 ár í starfi hjá Ási styrktarfélagi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 7 ár í starfi hjá Ási styrktarfélagi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 9 ár í starfi hjá Ási styrktarfélagi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 12 ár í starfi hjá Ási styrktarfélagi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.

Starfstími hlutavinnustarfsmanna á mánaðarkaupi skv. kjarasamningum skal metinn til jafns við starfsmenn í fullu starfi.

Þá skal einnig metinn starfstími starfsmanns sem starfað hefur í sambærilegu starfi á föstu mánaðarkaupi hjá öðru sveitarfélagi eða ríki enda liggi staðfesting fyrri vinnuveitanda fyrir. Starfsmaður fær starfsaldur hjá öðrum vinnuveitanda metinn frá og með næstu mánaðarmótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn um starfstíma sinn.

2. Menntun

Metin samkvæmt Reykjavíkurborgarsamningi við ÞÍ

2.1 Framhaldsmenntun

Framhaldsmenntun starfsmanns skal metin út frá framhaldsnámi á háskólastigi sem nýtist í starfi þannig að:

- Vegna diplomaprófs komi 1 launaflokkur ofar en ella
- Vegna meistaraþrófs komi 2 launaflokkar ofar en ella
- Vegna doktorsþrófs komi 4 launaflokkar ofar en ella
- Launaflokkar skv. þessari grein að hámarki fjórir

3. Undirbúningstímar

Undirbúningstími þroskajálfa á þjónustustofnunum og heimilum fyrir fatlaða er 4 klst. Á viku miðað við fullt starf. Undirbúningstími skal að jafnaði unninn innan dagvinnutíma.

4. Samstarfsnefnd

Um samstarfsnefnd vísast til gr. 16.1 í þeim kjarasamningi sem samkomulag þetta byggir á. Samningsaðilar skulu hvor um sig tilnefna tvo aðalmenn og tvo til vara í samstarfsnefnd til að koma á sáttum í ágreiningsmálum sem rísa kunna út af samningi þessum.

5. Gildistaka


Samkomulag þetta gildir frá 1. júní 2011 til 31. mars 2014

6. Endurskoðun


Vísað er til kafla 17 um gildistíma og samningsforsenda samkvæmt kjarasamningi við Reykjavíkurborg.

Reykjavík 30. júní 2011

f.h. Áss styrktarfélags




Póra Þórarinsdóttir




Erna Einarsdóttir


f.h. Þroskajálfafélags Íslands



Laufey Elísabet Gissurardóttir



Margrét Kristín Guðnadóttir



Anna Lilja Magnúsdóttir

BÓKANIR
með stofnanasamningi Áss styrktarfélags og Þroskaþjálfafélags Íslands hins vegar
undirrituðum 30. júní, 2011.

Bókun 1

Verði til ný störf sem falla ekki að starfaflokkun samningsins og raða þarf sérstaklega, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til þess.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að þroskaþjálfar skuli eiga kost á að fá handleiðslu eftir því sem nauðsyn krefur. Þjónustueiningar og starfsmannastjóri fylgja eftir efni þessarar bókunar.

Bókun 3

Samningsaðilar eru sammála um að meta 30-36 eininga nám þroskaþjálfra í fötlunarfræðum til jafns við diplómanám sbr. gr. 1.3.2.4.

Hafi þroskaþjálfri einnig leyfisbréf á framhalds-, grunn- eða leikskólastigi hækkar röðun hans um einn launaflokk. Hækkunin tekur gildi frá og með næstu mánaðarmótum eftir að fullnægjandi gögnum er skilað til launadeildar

Bókun 4

Aðilar eru sammála um að þroskaþjálfar hjá Ási styrktarfélagi taki mið af grunnröðun starfa hjá Reykjavíkurborg og við starfsmat/endurmat breytist grunnröðun Áss styrktarfélags til samræmis við það.

Bókun 5

Aðilar eru sammála um að sambærileg staða ráðgjafarþroskaþjálfra hjá Reykjavíkurborg er ekki til í starfsmati. Aðilar eru því sammála um að ráðgjafarþroskaþjálfri hjá Ási styrktarfélagi hefur grunnröðun 182.

4
lg.
B.B.